

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

JÚNÍ 2023



6. tbl. 26. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Litríkt hlaup

Regnbogahlaup frístundaheimila Tjarnarinnar var haldið miðvikudaginn 17. maí sem jafnframt er alþjóðlegur dagur gegn fordómum í garð hinsegin fólks.

Hlaupið fór fram á tveimur stöðum í ár en börnin í Vesturbæ hittust á Ægisíðunni og börnin í Miðborg og Hlíðum hittust á Klambatúninu. Með því móti mátti dreifa ósvikinni gleði barnanna og litagleðinni hressilega um borgarlandið. Sjá mátti marglita litabólstra stíga upp til himins meðan starfsfólk frístundaheimilanna jós marglitu litadufti yfir börnin sem hlupu í hlaupinu.

Nánar á bls. 12.

Hluti af regnbogahlaupinu fór fram við Ægisíðu.



Óðinsgata 1 - Reykjavík

Sími: 511 6367

Afgreiðslutími:

Mán: 10-16

Þri-fös: 10-18

Lau: 11-16

Netverslun:

sysstrasamlagid.is

Sjá nánar á
facebook.com/Sysstrasamlagid

- bls. 4-5
Viðtal við
Pétur Marteinnsson
framkvæmdastjóra
ráðgjafafyrirtækisins
Borgarbrags

- bls. 8
Kirkjutorg 6

- bls. 15
Jakob ráðinn
þjálfari KR

6 Er **júní** þinn skoðunarmánuður?
Verið velkomin á Grandann



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafafyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

**Halló
sumar**

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Borgarblöð ehf.

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

6. tbl. 26. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Þéttari borg

Eftir fimm ár gætu íbúar Reykjavíkur verið orðnir um 160 þúsund. Þetta sýnir að sú öra íbúafjölgun sem orði hefur á þessari öld er ekki lokið.

Mannfjölguninni hafa fylgt ýmis verkefni. Einkum er snúa að byggðum og húsnæði fyrir nýja íbúa. Einnig uppbyggingu innviða á borð við leikskóla, dagheimili og grunnskóla.

Hvar sem ör íbúafjölgun verður fylgir henni kostnaður. Skipulagning byggingasvæða, bygging húsa til búsetu og til annarra nota kosta fjármuni. Þjónusta við nýja borgara útheimtir einnig fjármuni þótt þeir skili sér nokkuð til baka í opinberum gjöldum.

Þetta hefur verið saga Reykjavíkur í hundrað ár. Fjölgun hefur komið í nokkrum köflum. Minnst má stríðsáranna og eftirstríðsáranna á fimmta áratug liðinnar aldar. Þá var notast við herbragga til búsetu og illa búnar kofabyggingar risu upp sem kostaði síðan átak að útrýma.

Segja má að næsti stóri kippur hafi komið í byrjun þessarar aldar. Náttúruleg fjölgun verður. Fólk flytur í auknum mæli af öðrum landsvæðum og einnig frá öðrum löndum. Flest af þessu fólki leitar eftir atvinnu og lífsskilyrðum.

Reykjavík býr ekki yfir óendanlegu landi. Því eru áleitnar spurningar um hversu hagstætt er að dreifa byggðinni. Fjöldi íbúa á ferkílómetra er aðeins brot af því sem er í borgum sem við berum okkur jafnan við.

Áundanförnum árum hefur verið gert átak til að þetta byggð í Reykjavík. Mörgum hefur fallið það í geð en aðrir eru mótfallnir slíkri þróun. Vilja enn teygja borgina út um allt – byggja hana eins og eyjur.

Íviðtali hér í blaðinu ræðir Pétur Marteinsson framkvæmdastjóri Borgarbrags um borgarbyggingu og kosti og galla þéttingar og dreifingar byggðar. Niðurstaða hans er ótvíræð. Byggja verður þéttari borg.

Deilur um Skerjafjörð

- gert er ráð fyrir að á fimmta þúsund manns muni búa í Skerjafirði þegar allri uppbyggingu verður lokið



Gömul mynd af Skerjafirði. Á henni sést skábraut Reykjavíkurflugvallar sem nú hefur verið aflögð. Með brotthvarfi hennar opnuðust möguleikar fyrir byggð sem nú er risin við Hlíðarenda og fyrirhugað er að reisa í Skerjafirði.

Talsverðrar deilur hafa risið um fyrirhugaða byggingu nýs íbúðahverfis í Skerjafirði. Andstæðingar hinnar fyrirhuguðu bygginga koma einkum úr röðum heimafólks, núverandi íbúa í Skerjafirði. Tvo mál sem virðast nokkuð óskyld blandast í þessari umræðu. Annar vegar umræðan um Reykjavíkurlugvöll og hvort eða að hvaða leyti hin nýja byggð muni takmarka eða skerða notagildi flugvallarins einkum vegna áhrifa á vindafar. Hins vegar áhyggjur heimafólks af þeim breytingum sem stærra hverfi mun hafa í för með sér. Þar er meðal annars bent á risk á byggingartíma og meiri umferð um byggðina og einkum til og frá henni. Að mati umferðarverkfræðings muni umferð um hverfið aukast stórlega. Þá hafa þau sjónarmið einnig fram að ný byggð skerði græn svæði og valdi spjöllum á náttúru.

Að mati Dags B. Eggertssonar borgarstjóra var farið vel yfir þessa þætti við undirbúning fyrirhugaðra framkvæmda. Um frábært byggingarland sé að ræða og mjög góð staðsetning fyrir nýjar íbúðir. Dagur hefur bent á að umferðargreiningar sýni að þegar hverfið verði fullbyggt verði umferð svipuð og umferð um Birkimel sem sé gata í íbúðabyggð og umferð um hana ekki þung. Dagur lét hafa eftir sér í blaðaviðtali nýlega að ekki sé óalgengt og nánast regla að þegar nýtt skipulag sé kynnt komi fram áhyggjur hjá þeim sem næst búa og vilja gjarnan hafa hlutina óbreytta.

Áhrif á eina lendingu af 45 þúsund

Bent hefur verið á að aðstæður til flugs á Reykjavíkurlugvelli muni versna með tilkomu hinnar nýju byggðar. Í nýlegri skýrslu innviðaráðherra kemur meðal annars fram að fella þurfi niður flug í hverjum mánuði vegna breyttra aðstæðna. Talið er að Skerjafjarðarbyggðin geti haft áhrif á eina lendingu af 45.000 í mánuði á þann hátt að það þurfi að láta flugmenn vita af því að vindátt geti valdið hviðum sem eru miklu minni áhrif en margir höfðu óttast. Með hliðsjón af því hversu margar flugferðir eru felldar niður reglulega séu áhrifin af hinn nýju byggð óveruleg. Rannsóknir sýna aftur á móti að flugskýli sem byggð hafa verið á flugvallarsvæðin valda mestum neikvæðum áhrifum.

Jafngildir ekki eignaupptöku

Prýðifélagið Skjöldur hefur mótmælt nýrri byggð og sagt að hún jafngildi eignaupptöku þeirra sem búa nú þegar í Skerjafirði. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur sagt þetta sjónarmið algjörlega fráleitt því betra verði að búa í Skerjafirði en áður þegar þar verði komin skólabjónusta og verslun og eftirvænting sé til staðar um uppbyggingu hverfisins. Borgarstjóri kvaðst í viðtali hafa orðið var að mikið af fólki, bæði í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum sé að bíða eftir þessum spennandi búsetukosti. Þarna verði um eftirsóttu bygg að ræða og að gamli Skerjafjörðurinn muni njóta góðs af því. Gert er ráð fyrir að á fimmta þúsund manns muni búa í Skerjafirði þegar allri uppbyggingu verður lokið.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLÍÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!

Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði
á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði
miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar
fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu
dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Sterk borgarhverfi eru eftirsóknarverð

Pétur Marteinsson framkvæmdastjóri ráðgjafa-fyrirtækisins Borgarbrags ræðir við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Pétur er Breiðhyltingur en hefur búið í Vesturbænum síðan 2007 eftir 12 ára dvöl erlendis. Hann er fyrrum knattspyrnumaður en hefur unnið mikið að skipulagsmálum á undanfórnum árum og komið að fjölda verkefna á því sviði. Hann var fyrst inntur eftir af hverju hann hafi kosið Vesturbæinn.

”Þegar að við fluttum heim eftir að hafa búið 12 ár erlendis fórum við að hugsa okkur um hvar við ættum að setjast að. Við fórum að velta ýmsum byggðum fyrir okkur. Mörg hverfi í Reykjavík eru ágæt og ég er alinn upp í Efra Breiðholti. En þótt að ég þekkti það hverfi vel þá voru flestir félagar mínir fluttir niður í bæ og einkum í Vesturbæinn. Þegar við vorum að íhuga þetta og ræða talaði svolítið til okkar að flytja í hverfi sem tala mætti um sem bæ í borginni. Okkur fannst Vesturbærinn uppfylla þau skilyrði best af þeim hverfum sem við skoðuðum.”

Vesturbærinn eins og bæjarfélag

Pétur segir eftirsóknarvert að búa til litlar byggðir inn í stærra samhengi sem virki eins og lítill bæjarfélag. Nærumhverfið verði sterkt, stutt í alla þjónustu og áhugavert mannlíf. Fólk sem búi í nágrenni hvors annars geti hist og kynnst hvort sem það er að fara í sund eða í göngu með hundinn eða annað sem tilheyrir daglegu atferli. “Þessa bæjarmynd má finna í ýmsum hverfum en okkur fannst Vesturbærinn komast einna næst henni. Þaðan er stutt í miðbæinn, stutt að sjávarsíðunni og stutt í háskólann þar sem konan mín vinnur. Þetta talaði mikið til okkar og við höfum verið hér í Vesturbænum frá 2007 eða liðlega í einn og hálfan áratug.”

Stutt að fara til vinnu

Pétur segir að Breiðholtið hafi sterk einkenni bæjar í borgarmyndinni og Árbærinn einnig. Grafarvogurinn sé annað dæmið um hverfi sem geti verið bær í borginni og í Laugardalnum megi sjá þessi merki. “Eftir að hafa búið bæði í Osló og Stokkhólmi langaði mig til þess að vera ekki háður því að vera alltaf á bíl. Að krakkar gætu verið í leikskóla, skóla og frístundum nálægt heimilinu. Við það bætist sú staðreynd að flestir vinnustaðir eru vestan Kringlumýrarbrautar. Við sáum fram á að við myndum vinna á þessu svæði og þannig væri stutt að fara til vinnu.”

Sterk borgarhverfi eftirsóknarverð

“Ég held að sterk borgarhverfi séu eftirsóknarverð. Einkenni margra stórra borga jafnvel með tugmilljónir íbúa eru sterk borgarhverfi. Dæmi um það má nefna að margir íbúar Lundúna hafa aldrei komið á Piccadilly sem er ein af aðalgötum miðborgarinnar. Ég veit að félagar mínir úr fótboltanum Eiður Smári og Hermann Hreiðarsson sem bjuggu í London þekktu borgina ekki eins vel og margir Íslendingar, sem ferðast til borgarinnar, en þeir þekktu sitt hverfi mjög vel. Hverfi sem voru mikið fjölmennari en öll Reykjavík. Hverfi þar sem voru leikhús, bíó, veitingahús og garðar og flest sem fólk vill hafa í kringum sig.”

Litið á mig sem aðfluttan

Pétur vikur að þörf fólks fyrir að

skilgreina sig. „Ég held að flestir hafi þörf fyrir það. Ég skilgreini mig sjálfur sem Breiðhylting þótt ég hafi búið lengur í Vesturbænum því ég sleit barnsskónum þar og ólst upp. Rétt eins og fólk skilgreinir sig sem Skagfirðinga eða Hornfirðinga eftir uppruna sínum. Ég er enn með sterkar tilfinningar til Breiðhóltsins. Ég byrjaði í fótbolta í Leikni. Gekk allan grunnskólann í Hólabrekku-skóla. En svo er ég líka orðinn mikill Vesturbæingur. Dóttir okkar fór á Hagaborg, gekk í Melaskóla og síðan Hagaskóla. Svo fékk ég tækifæri til að spila með KR í tvö ár og síðar stofnaði ég með vinum mínum Kaffihús Vesturbæjar. Maður nær kannski aldrei að skjóta rótum eins og innfæddur og ég held að Vesturbæingar líti heldur ekki á mig sem Vesturbæing heldur aðfluttan.“

Um 450 íbúar á hvern ferkílómetra

Pétur segir Vesturbæinn hafa verið skipulagðan sem blandaða byggð. „Hann býr að því í dag. Hér eru allar gerðir af íbúðum allt frá risi ofan í kjallara. Líka stórar hæðir, blokkir og einbýlishús. Hér er líka stutt í alla þjónustu. Þetta held ég að hafa verið mjög heppilegt. Mörg hverfi í Reykjavík eru tiltölulega þétt út frá hverfislegu sjónarmiði. Í Vesturbænum eru rúmlega 50 íbúar á hvern hektara eða um fimm þúsund manns á hvern ferkílómetra. Í Hlíðunum búa allt að sjö þúsund manns á hverjum ferkílómetra og í báðum þessum borgarhlutum er mikið af grænum svæðum. Í Vesturbænum get ég nefnt strandlengjuna við Ægisíðuna og marga litla græna garða inn á milli húsa sem dæmi. Klambratúnið og Öskjuhlíðin er í Hlíðunum. Þótt þetta séu þétt hverfi vantar ekki græn svæði innan þeirra. En það sem er áberandi í Reykjavík er hversu byggðinni sem heild hefur verið dreift mikið. Landfræðileg nýting þegar miðað er við íbúa á hvern ferkílómetra afar lítill í Reykjavík. Um 450 íbúar eru á hvern ferkílómetra sem er langt undir öllum þeim borgum sem við berum okkur saman við. Í Kaupmannahöfn eru tæplega sjö þúsund íbúar á ferkílómetra og yfir fimm þúsund í Stokkhólmi. Á Friðriksbergi sem er hverfi í Kaupmannahöfn eru allt að tólf þúsund manns á hverjum ferkílómetra.“

Umferðarmannvirki í Reykjavík taka megnið af borgarlandinu vegna þess hversu mikið við höfum dreift byggðinni.

Bíllinn varð allsráðandi

Pétur segir að þegar verið sé að skipuleggja borgir þurfi að ákveða hvar fólk eigi að búa. „Því miður vorum við að þróa borgina okkar á tímabili þar sem einkabíllinn réð öllu. Hér fylltist allt af bílum á skömmum tíma. Þegar gjaldeyrishöftin voru aflögð um 1960 varð bíllinn tákn um ákveðna velmegun. Við sjáum fyrir okkur borgir í öðrum löndum sem byggðust á svipuðum tíma eins og borgir í Texas og Florida sem er meira og minna undirlagðar af stórum umferðarmannvirkjum.“



Pétur Marteinsson.

Í Reykjavík eru skráðir 1,3 bílar á hvern íbúa 17 ára og eldri á meðan t.d. í Stokkhólmi eru 0,35% af öllum íbúum á bíl. Þetta sýnir okkur að við höfum dreift borginni of mikið og það væri óskynsamlegt að halda áfram á þeirri vegferð.”

Um 20 þúsund manns á fimm árum

„Nú liggur fyrir að taka ákvarðanir um hvar næstu 30 þúsund Reykvík-ingar eiga að búa. Á næstu fimm árum má gera ráð fyrir að íbúum Reykjavíkur, og þá er ég bara að tala um Reykjavíkurborg en ekki allt höfuðborgarsvæðið, muni fjölga um 20 þúsund manns. Árið 2028 eftir fimm ár gætu íbúar Reykjavíkur vera orðnir um 160 þúsund. Við verðum að byggja yfir þetta fólk og þá þarf að ákveða hvar það á að búa. Þetta er stóra spurningin. Á að hverfa aftur til gamla skipulagsins og dreifa byggðinni sem mest. Hvaða afleiðingar myndi það hafa. Þær að fólk myndi þurfa að aka meira og eyða miklum tíma í bíl með þeim afleiðingum sem það hefur. Meiri mengun og tímaeyðslu. Ef við náum að þetta byggðina meira munum við nálgast þessar gömlu borgir sem

tókst að skipuleggja mun þéttar á sínum tíma þannig að fleira fólk býr á hverjum ferkílómetra. Ég held að fólki muni líða mun betur í þannig borg en að vera dreift út um allt. Í borgarhverfum sem eru stöðugt í meiri fjarlægð frá borgarkjarnanum með flóknar vegtengingar.

Dreifðari byggð í austur myndi hafa takmörkuð áhrif á okkur í Vesturbænum en væri mjög slæm fyrir fólk sem býr nú í hverfunum fyrir austan Kringlumýrarbrautina. Fólk t.a.m. í Grafarvogi, Árbæ og meðfram Miklubrautinni myndu finna mest fyrir aukinni umferð, töfum og mengun ef það yrði ákveðið að stækka borginna til austurs.”

Kostnaðarsamt að byggja ný hverfi

„Umráðan snýst líka um að verið sé að ganga á græn svæði sem ég tel að ekki sé fótur fyrir. Í hvert skipti sem nýtt land er brotið undir byggð er vissulega oft verið að ganga á græn svæði og þar með náttúruna. En það á við um alla nýja byggð og alls ekki bara á þéttingarreitum. Þá má heldur ekki gleyma því að kostnaðarsamt er að byggja ný hverfi utan við aðrar byggðir. Þar þarf að

að byggja alla innviði frá grunni og halda þeim við. Byggja vegi. Leggja lagnir. Byggja þjónustustofnanir á borð við leik- og grunnskóla. Gera íþróttafélögum og félagsmiðstöðvum kleyft að starfa og fleira sem þarf að vera til staðar.“ Pétur tekur dæmi af Portland Oregon. Hann lýsir hvernig þessi mál hafi verið leyst þar á áttunda áratug liðinnar aldar. Segir að þar hafi verið dregin ákveðin lína í kringum borgina vegna þess hversu mikið var farið að ganga á náttúruna. Síðan hafi verið ákveðið að byggja ekki utan þessarar línu heldur byggja inn á við. „Og hvað gerðist. Borgin þéttist og var bæði miklu líflegri og skemmmilegri. Háskóla lífið eflidist og ný fyrirtæki tóku að skjóta rótum ekki síst minni fyrirtæki. Grænu svæðin og náttúran í kringum Portland er algjör paradís fyrir útivistarfólk í dag sem annars hefði lent undir ný hverfi“.

Norrænar borgir eru mikið þéttari

Osló barst í tal en Pétur bjó þar um tíma. Hann segir að borgin hafi þanist nokkuð út en dæminu hafi verið snúið við og áhersla lögð á innri uppbyggingu. „Þar er



Tölvulíkan af yfirhugaðri byggð í Skerjafirði. Tekið skal fram að um líkan er að ræða sem sýnir ekki endanlegt útlit mannvirkja.



Þannig er gert ráð fyrir að ný Skerjafjarðarbyggð muni líta svona út. Blómlegt og mannvænt umhverfi.

verið að búa til göngugötur, fækka bílastæðum og efla almennings-samgöngur verulega. Í dag er Osló orðin geysilega skemmtileg borg og mikill munur frá því áður.“ Gautaborg er dreifðari en til dæmis Stokkhólmur, Osló og Kaupmannahöfn. Pétur bendir á að hún hafi byggst nokkru síðar. Hlutar hennar um og upp úr miðri síðustu öld þegar dreifihugmyndin hafi verið ráðandi og beinlínis í tísku. „Þá þótti flottast að búa í einbýlishúsi eða raðhúsi í úthverfi helst sem lengst frá borgarmiðju og nýta einkabílinn sem þá var tiltölulega nýkominn sem almenningsseign til þess að bera sig um. Ég held að framtíðin liggi ekki í því skipulagi.“

Hverfin sem fyrir eru

„Framtíðin í Reykjavík liggur í því að styrkja þau hverfi sem fyrir eru. Ég vona að við berum gæfu til þess í stað þess að dreifa borginni enn

meira þótt fólksfjöldaspár segi okkur að halda þurfi áfram að byggja yfir fólk til þess það hafi húsnæði.“ Pétur segir að þegar fyrstu stóru úthverfin, Árbæ, Breiðholt og síðar Grafarvogur hafi verið byggð hafi umferðin ekki verið svo mikil þrátt fyrir meiri bílaeign. „En fólkinu fjölgaði og bílunum einnig og umferðarþungi varð vaxandi vandamál sem fór að kalla á nýja gerð af umferðarmannvirkjum. Við eigum enn möguleika á að stöðva þessa þróun.“

Ekki í mínum bakgarði

Pétur snýr sér að þeim umræðum sem hafa orðið um væntanlega uppbyggingu í Skerjafirði. Hann segir eðlilegt að fólk sé hrætt við breytingar. Algengt og þekkt sé að fólk vilji breytingar en bara ekki í bakgarðinum hjá sér. „Þetta sjónarmið er skiljanlegt og það myndast oft andstaða við hitt og þetta. Andstaða við byggð hér og þar. Hvort sem

um nýjan þjóðarleikvang í fótbolta, Perluna, Ráðhúsið eða Hallgrímskirkju er að ræða eða annað sem fyrirhugað er að framkvæma. Þannig virkar lýðræðið að fólk á að geta tjáð sig um hin ýmsu mál.“

Ótvíræð niðurstaða

Pétur segir að varðandi Skerjafjörðinn sé sama umræðan komin upp núna og þegar hin svokölluð neyðarbraut var aflögð. Umræðan um lokun hennar myndi skerða innanlandsflug og sjúkraflug og að Reykjavíkurflogvöllur yrði ónothæfur. Flugbrautinni var lokað og enginn talar um hana lengur. Nýi Skerjafjörðurinn er búinn að vera í aðalskipulagi sem var samþykkt árið 2010. Síðan hefur ýmislegt gerst. Samningur ríkisins og Reykjavíkurborgar og kaup á landi í Skerjafirði. Árið 2018 er komið rammaskipulag og deiliskipulag er samþykkt. Fyrir síðustu kosningar verður síðan

allt vitlaust út af þessum fyrirhuguðu framkvæmdum. Rætt var um að verið sé að þrengja að flugvellið. Verkfræðistofan Efla sem hefur verið að skoða þetta í mörg ár ásamt fleirum þar á meðal Veðurstofunni hafa komist að því að við afar sjaldgæfar aðstæður, við vest-suðvestan hávaða rok gæti byggðin haft áhrif. Þetta þótti ekki alveg nægilegt þótt það myndi hafa áhrif á afar fá flug ef nokkur. Þá fékk Ísavia hollenskt fyrirtæki sem er leiðandi á heimsvísu til að skoða aðstæður á flugvellið. Þetta hollenska fyrirtæki tók sér tíma. Sendi starfsfólk hingað til lands til þess að skoða aðstæður, rannsaka og skrifa skýrslu. Þetta er stór og ígrípamikil flugverkfræðileg skýrsla með stærðfræðilegum útreikningum. Þar er bent á ýmsa ókosti við byggðina en einnig að öll byggð við flugvelli geti haft áhrif. Trén í Öskjuhlíðinni geta haft áhrif. Nýja Landspítala-byggingin getur haft áhrif og jafnvel öldugangur í Skerjafirði. Þetta hollenska fyrirtæki leikur sér ekki að því að segja að byggingar geti ekki haft áhrif á rekstraröryggi flugvallarins en niðurstaða skýrsluhöfunda er hins vegar ótvíræð. Þeir segja enga ástæðu til þess að hætta við fyrirhugaða byggð. Þeir reiknuðu dæmið út á verkfræðilegum grundvelli og þetta er niðurstaðan. Sjónarmið þeirra sem eru á móti byggðinni eru alveg skiljanleg en ákvarðanir þurfa að vera faglegar og að hlustað sé á sérfræðinga og farið sé eftir gögnum.”

Yngra fólk verður þakklátt

Annað sem nefnt hefur verið varðandi byggð í nýja Skerjafirði er að umferðin muni aukast mikið. Að umferð um Einarsnes muni verða allt að 20 þúsund bílar sem er í engu samhengi við neitt. Verið er að miða við að hver einasti íbúi verði á bíl og jafnvel með marga bíla í takinu. Í fyrsta áfanga Nýja Skerjafjarðar er

gert ráð fyrir 690 íbúðum. En þarna veður blönduð byggð. Stúdentaíbúðir, Hagkvæmt húsnæði fyrir fyrstu kaupendur og Bjarg verður þar með leiguíbúðir. Þarna verður mikið af ungu fólki sem mun sækja vinnu meðal annars í háskólana og í Miðborgina. Í þessum 690 íbúðum er hægt að gera ráð fyrir að um 1500 íbúum og umferðarlíkan gerir ráð fyrir að umferðin muni aukast eitthvað en verði líklega svipuð og fer um Birkimel í dag sem er hefðbundin borgargata. Svo hafa einhverjir talað um að með Nýja Skerjafirði sé verið að ganga á græn svæði. En á sama tíma segir fólk að það megi ekki byggja upp af því jarðvegurinn sé svo mengaður. Staðreyndin er sú að flugvallarsvæðið er ekki grænt svæði, þver á móti er það svæði sem oft er kallað „grátt“ í skipulagi því þar er verið að færa land sem hefur nýst fyrir atvinnustarfsemi og til iðnaðar til almennings. Á sama tíma er verið að styrkja innviði. Þarna verður byggður leikskóli og skóli og annars konar þjónusta mun koma í hverfið. Ég held að yngra fólk í Stóra Skerjafirði muni verða ánægt og þakklátt þegar byggðin verður komin. Þetta er verðlaunaskipulag og er gríðarlega gott og verður mikil uppbót fyrir hverfið sem er þar nú þegar. Hins vegar er pólitík í þessu. Hún hefur blossað upp og verið er að tala inn í ákveðinn hóp sem getur verið skiljanlegt. Þarna er fámennur hópur sem hefur hátt. En málið er að okkur er að fjölga. Við þurfum að byggja fyrir framtíðar Reykvíkinga og því markmiði verður ekki náð nema að byggja í Skerjafirði. Alltaf mun verða deilt um borgarskipulag en við þurfum að gera upp hug okkar um hvernig Reykjavík við viljum til framtíðar. Sú ákvörðun er tekin núna og mun skipta framtíðar Reykvíkinga máli.”

Orkusýningin í Ljósafosstöð

L Kraftmikill og skemmtileg sýning við Úlfljótuvatn, í um 50 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Aðgangur er ókeypis.

Sýningin er opin alla daga í sumar frá kl. 10-17
Landsvirkjun.is/orkusyning

Allir heim í Hagaskóla í haust



Hagaskóli.

Allir nemendur Hagskóla eiga að geta stundað nám á heimaslóð á næsta skólaári. Húsnæði Hagaskóla verður tilbúið til notkunar með haustinu en meirihluta þess var lokað eftir að mygla fannst þar haustið 2021.

Nemendur sem voru að ljúka 9. bekk luku önnina í húsnæði við Ármúla eftir að hafa verið á flakki misserin á undan. Á meðan stunduðu nemendur 8. bekkjar nám í Korpuskóla í Grafarvogi. Tífundubekkingarnir hafa aftur á móti getað notað þann hluta skólans í Vesturbæ sem var laus við myglu. Þeir halda á önnur mið í haust en blésu samt til hátíðar til þess að bjóða þau sem yngri eru velkomin heim.

Parliament Hotel er tekið til starfa



Palament Hótel.

Hið nýja Parliament Hotel eða Hótel Alþingi er tekið til starfa eftir langt og strangt byggingarferli. Um er að ræða glæsilegt hótél á sögufrægum stað í Miðborginni. Ekkert er slegið af í lúxus í þessu yngsta hóteli í höfuðborginni enda er fyrst og fremst stílað upp á erlenda ferðamenn og einkum þá sem stundum eru kallaðir betur borgandi. Er þá átt við ferðamenn sem sækjast eftir góðum stað og viðurværi fremur en að horfa á eftir hverri krónu.

Deilur urðu um byggingu hótelsins þar sem það

stendur að hluta á Víkurkirkjugarði sem sjónarmið voru um að varðveita bæri. Framtíðarsýn í rekstri hótelsins er að hinum forna grafreit verði sýnd virðing sem einum merkasta minjastað borgarinnar og landsins og landsins í heild. Áhersla verður lögð á sögu svæðisins sem gestum verður gert kleyft að njóta. Hið nýja hótél er í Curio-línu Hilton, en sú lína tekur jafnan ríkulegt mið af sögu staðarins. Hótelið er við fótскör Alþingis og úti í garði er stytta af Jóni Sigurðssyni. Veitingastaðurinn í hótelinu heitir Hjá Jóni.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Alþjóðavæðingin hefur áhrif á fjölda nemenda

Háskóla Íslands bærust tæplega tvö þúsund erlendar umsóknir um nám fyrir næsta skólaár. Árið 2016 voru erlendu umsóknirnar rétt rúmlega eitt þúsund. Alls bærust Háskólanum tæplega 9.500 umsóknir um grunn- og framhaldsnám fyrir næsta skólaár. Umsóknum fjölga í ár um rúmlega sex prósent eftir lækkun í fyrra. Mikil fjölgun er í verkfræði og náttúruvísindum og einnig í heilbrigðisvísindum og í íslensku. Tvöföldun varð í fjölda erlendra umsókna frá árinu 2016. Íslenska sem annað mál er langvinsælasta grein skólans með 640 umsóknir og nemur fjölgunin þriðjung. Engar fjöldatakmörkanir eru í greininni og ekki stendur til að breyta því. Fjölgunin skýrist hvort tveggja af meiri alþjóðavæðingu í háskólasamfélaginu og fjölgun innflytjenda. Umsóknum karla fjölgaði um 13 prósent en ráðist var í átak í vor til að fjölga umsóknum karlamegin í ráðuneyti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar.



Jón Atli Benediktsson rektor háskóla Íslands.

Opnunartímar:

Mán-Fös:
10:00-18:00

Laugardaga
10:00-16:00

Sunnudaga:
Lokað



Sjálfstætt starfandi apótek sem býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum vörum.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki



ÍSLANDS

Laugavegi 53b



APÓTEK

S: 414 4646

Sextíu og fimm íbúðir við Nauthólsveg



Nauthólsvegur.

Búið er bjóða út byggingarrétt fyrir allt að 65 íbúðir og atvinnustarfsemi á jarðhæð á lóð við Nauthólsveg. Um er að ræða byggingarrétt fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði.

Á lóðinni við Nauthólsveg 79 er heimilt að byggja allt að 65 íbúðir í þriggja til fimm hæða íbúðarhúsnæði í randbyggð, auk tveggja stakstæðra húsa tveggja og

þriggja hæða. Heildarbyggingarmagn er allt að 5.320 fermetrar ofanjarðar og 2.365 fermetrar neðanjarðar. Félagsbústaðir hf. eiga kauprétt á sex íbúðum í húsum á lóðinni. Meðfram Nauthólsvegi og Flugvallarvegi er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi á jarðhæð. Bílastæði verða ofanjarðar og í bílageymslum neðanjarðar.

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADÍ fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

HRADÍ

Á Hjálparmanum 1717 starfa sérþjálfar sjálfbærar sem eru alltaf til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Þínir menn í Vesturbænum

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur óskráðra eigna** sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

- Góð þjónusta
- Fagljósmyndun
- Sanngjörn sölubóknun

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur
Finnbogason
lökk. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Gunnar
S. Jónsson
lökk. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



Vilja stækka Þingholtsstræti 21



Séð inn Þingholtsstræti.

Lögd hefur verið fram umsókn Vesturstrætis ehf., um að stækka Þingholtsstræti 21 en þar hefur Luna Apartments verið til húsa. Lögd fram fyrirspurn til Reykjavíkurborgar um stækkun hússins á lóð nr. 21 við Þingholtsstræti. Fyrirspurnin felst í að byggja eina hæð og ris, samkvæmt tillögu Batterísins/Arkitekta ofan á hluta hússins, sem er einnar hæðar bygging. Málinu hefur verið vísað til umsagnar verkefnastjóra.

SÉRHÆFÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
VEGNA BÚSETUSKIPTA
MEÐ ÁHERSLU Á 60+

Vantar þig þjónustu við dánarbússkipti, sölu og ráðstöfun eigna?

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

FALLEGIR LEGSTEINAR

Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Kirkjutorg 6

Elsta tvílyfta íbúðarhúsið í Reykjavík



Við Kirkjutorg 6 stendur eitt af fyrstu tvílyftu íbúðarhúsunum sem reist var í Reykjavík. Húsið var byggt 1860. Húsið var byggt af bindingi og hlaðið í með hraun- og holtagrjóti. Klætt var utan á allar hliðar með hellum og helluþaki á rimum. Sögu hússins má rekja til 1860 að Jakob Sveinsson húsasmiður fékk úthlutað landspildu vestan Dómkirkjunnar. Á spildunni byggði hann tvílyft íbúðarhús með kjallara og síðar smíðahús. Talið er að íbúðarhúsið sé fyrsta tvílyfta íbúðarhúsið í Reykjavík. Þetta var með hærri húsum sem byggð höfðu verið og festist nafnið "Strýta" við það en það var einnig kallað Jakobshús. Í gegnum tíðina hefur húsið verið skráð á nokkrum stöðum án þess að hafa verið flutt til. Fyrst við Austurvöll, þá Lækjargötu, næst Pósthússtræti 14 og að endingu Kirkjutorg 6.

Lærði í Danmörku og Frakklandi og kenndi mörgum

Hver var Jakob Sveinsson. Hann var ættaður af Vatnsnesi í Vestur- Húnavatnssýslu. Foreldrar hans voru Sveinn Guðmundsson bóndi á Ægisíðu og móðir hans var Ingibjörg Þorsteinsdóttir, systir Jóns Þorsteinssonar landlæknis. Jakob er talin hafa alist að mestu upp hjá lækninum frænda sínum. Hann lærði trésmíði á Íslandi en eftir það fór hann til Kaupmannahafnar þar sem hann dvaldi í átta ár og var einnig um tíma í Frakklandi. Hann lærði húsgagnasmíði erlendis og er talið að hann hafi aðallega lagt stund á þá iðngrein á meðan hann dvaldi þar. Eftir að hann kom aftur til Íslands hóf hann kennslustörf og kenndi mörgum ungum mönnum trésmíði. Hann var einn af stofnendum Handiðnaðarmannafélags Reykjavíkur sem stofnað var árið 1867 og var um tíma formaður þess. Á meðal verkefna sem Jakob tók að sér var að sjá um viðgerð á Dómkirkjunni árið 1878. Hann breytti turni kirkjunnar í þá mynd sem hann er nú. Jakob var falið að sjá um undirbúning að byggingu Alþingishússins áður en erlendir smiðir komu til starfa við bygginguna. Honum var einnig falið að smíða borðin í Alþingishúsið en stólar voru keyptir erlendis frá.

Ekkjumaður með mann margt heimili

Jakob Sveinsson giftist Málfríði Pétursdóttur dóttur Péturs Magnússonar hreppstjóra í Seli í maí 1857. Hún lést 11. júlí 1857 aðeins tæpum tveimur mánuðum eftir brúðkaup þeirra. Jakob giftist ekki aftur og var ekki við kvenmann kenndur eftir lát konu sinnar svo vitað sé. Hann eignaðist heldur ekki neina afkomendur. Mannmargt var gjarnan á heimili hans. Í manntali frá 1880 voru til húsa í húsinu sem sem þá tilheyrði Pósthússtræti: Jakob Sveinsson trésmiður, Sigríður Gunnarsdóttir ráðskona, ein vinnukona og Marja Sveinsdóttir fösturdóttir Jakobs. Einnig bjuggu í húsinu Jón Jónsson landritari og Eiríkur Briem, prestaskólakennari. Flestir lærisveinar Jakobs bjuggu á heimili hans á meðan á námi þeirra stóð og í manntalinu frá 1880 dvöldu sex nemar á heimilinu.

Margir nafnkunnir menn

Jakob Sveinsson lést 9. ágúst 1896. Eftir lát hans var húsið selt. Tryggvi Gunnarsson bankastjóri keypti það ásamt viðbyggingum þar á meðal smíahúsi og seldi síðan í nokkrum hlutum. Árni Nikulásson keypti íbúðarhúsið og nokkra lóðarspildu vestan við það. Árið 1903 byggði Árni þrílyfta timburbyggingu vestan við húsið en áfasta við það og var innangengt á milli húsanna. Árni Nikulásson var rakari og hafði rakarastofu á fyrstu hæð nýja hússins. Margir nafnkunnir menn og konur hafa búið í húsinu. Þar bjó Pétur Guðjohnsen organisti með stóra fjölskyldu og hafði aðra hæðina til afnota. Þar bjó Kristín Thoroddsen, ekkja Jóns Thoroddsens og ól þar upp syni sína, Skúla, Þórð og Sigurð. Af öðrum sem búið hafa við Kirkjutorg 6 má nefna Jón Ólafsson ritstjóra, Jón Jónsson ritara og Einar Gunnarsson ritstjóra, sem var stofnandi dagblaðsins Vísir. Fyrsta ritstjórnarskrifstofa blaðsins var á Kirkjutorgi 6. Af öðrum sem bjuggu í húsinu má nefna Herdís Benediktzen frá Flateyri, Hannes Árnason dósent og Gest Pálsson skáld. Kirkjutorg 6 er í dag í eigu fyrirtækisins Þórsgarður sem er fjárfestingarfyrirtæki er sérhæfir sig í kaupum og rekstri á fasteignum. Eigendur þess eru Michael Jenkins, bandarískur fjárfestir og Eygló R. Agnarsdóttir og Valdís Fjölnisdóttir.

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Sumardagur í Þorraseli

Dagdvalargestir Þorrasels voru ekki lengi að drífa sig út þegar sólin lét sjá sig á dögnum. Fólkið naut þess að geta sest út í garð og skálað í svaladrykk fyrir sólinni og von um að eiga margar góða sólardaga í sumar.



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR
SKAGAFJÖRÐUR

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ FYRIR 11-18 ÁRA.
TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

SAUÐÁRKRÓKI
3-6. ÁGÚST

UMFÍ



ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS

Regnboginn áfram á Skólavörðustíg



Regnboginn á Skólavörðustíg.

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að regnboginn verði áfram á Skólavörðustíg eftir að starfshópur um framtíðarsýn regnbogans kynnti tillögur sínar fyrir umhverfis- og skipulagsráði. Starfshópurinn lagði til að varanlegur regnbogi verði áfram á Skólavörðustíg. Hann veði lagður í götuna með slitsterku efni. Valið verður slitsterkt efni sem á að geta dugað í allt að átta ár sem verður endurtekið verði að endurnýjun götunnar.

Dásamlegt er að regnboginn verði áfram á sínum stað til frambúðar enda kennitákn um mannréttindaborgina Reykjavík þar sem öll eru velkomin,“ segir Dóra Björt Guðjónsdóttir formaður umhverfis- og skipulagsráðs, í tilkynningu.

„Þessi varði skiptir miklu máli í hugum og hjörtum okkar allra sem berjumst fyrir mannréttindum hinsegin fólks sem hefur átt undir högg að sækja. Kennitákn um hinseginleika og hinseginbaráttu á sannarlega heima í hjarta Reykjavíkur,“ segir hún. Regnboginn á Skólavörðustíg hefur frá því hann var málaður fyrst á götuna árið 2015 orðið að einu sterkasta kennileiti miðborgarinnar og því mikils virði.

Tveir strákar í Landakotsskóla

Söfnuðu 176 undirskriftum



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tekur við undirskriftalistunum úr höndum Guðjóns og Sigurðar.

Borgarstjóri veitti nýlega viðtöku undirskriftalista frá börnum í Landakotsskóla. Þeim fannst vanta betri aðstöðu til fótboltaðkunar á skólalóðinni og vinirnir Guðjón og Sigurður gengu í málið, nýttu lýðræðislegan rétt sinn og komu hugmynd krakkanna á framfæri við borgaryfirvöld. Þeir sögðu að fótboltavöllurinn á skólalóðinni hafi verið tekinn til að rýma fyrir skólastofum.

Ágúst Máni Hafþórsson kennari stakk upp á því við drengina að þeir efndu til undirskriftasöfnunar. Úr varð að vinirnir skrifuðu borgarstjóra bréf og söfnuðu 176 undirskriftum hjá skólafélögum sínum. Þeir félagarnir segja mikilvægt að raddir barna fái að

heyrast. Þegar börn komi með góðar hugmyndir eigi alla vega að íhuga þær.

Anna Guðrún Júlíusdóttir, skólastjóri Landakotsskóla, hrósar framtakssemi strákanna og segir kennara þeirra, Ólafíu Jóhannesdóttur og aðstoðarkennara, Ágúst Mána Hafþórsson, líka eiga heiður skilinn. „Þau hafa eftir þennan lýðræðislega hugsunarhátt,“ segir hún. „Við erum með lýðræðisþing á hverju ári á mannréttindadegi barna svo börnin eru þjálfuð í að hafa rödd, við höfum unnið mikið með það í þessum skóla. Það er í anda skólans að hvetja þau til að hafa skoðanir og koma þeim á framfæri.“

Fermingarfræðsla í Neskirkju 2023 til 2024



Skráning er hafin á vefsíðu kirkjunnar neskirkja.is

Spennandi haust og vetur framundan!

Skóladagur hefst seinna

Tillaga borgarstjóra um útfærslu á seinkun á upphafi skóladags grunnskóla í Reykjavík hefur verið samþykkt. Í tillögunni er skóla- og fristundasviði falið að leggja grunn að breiðu samráði um áhugaverðustu og bestu leiðir til að seinka upphafi skóladags í grunnskólum Reykjavíkur.

Í tillögunni segir að við útfærslu seinkunar upphafs skóladags verði horft til ólíkra valkosta og leiða sem í boði eru, þar á meðal til nýlegra rannsóknarniðurstæðna um áhrif á upphaf skóladags á svefn. Sterkar forsendur eru fyrir seinkun upphafs skóladags grunnskólabarna og hefur hugmyndin nú þegar fengið talsverðan hljómgrunn hjá borgarstjórnarfulltrúum, sérfræðingum, kennurum og nemendum grunnskóla Reykjavíkur. Við gerð tillögunnar var sérstaklega horft til nýlegrar íslenskrar rannsóknar sem kannaði áhrif seinkunar skóladags á klukkubreytu barna á grunnskólaaldri. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á



almenna ánægju bæði nemenda og kennara með seinni skólabyrjun. Betri svefn unglinga í Reykjavík – áhrif seinkunar skólabyrjunar á svefn unglinga er heiti rannsóknarinnar sem hófð var til hliðsjónar við

gerð tillögunnar. Rannsóknin, sem er meistaraverkefni Ágústu Dan Árnadóttur við Háskólann í Reykjavík, var unnin í samstarfi við Reykjavíkurborg, Betri svefn og embætti landlæknis.



Netverslun: systerasamlagid.is

Egill Ólafsson

borgarlistamaður


Egill Ólafsson söngvari, leikari Þursaflokks- og Stuðmaður með mörgu öðru er borgarlistamaður Reykjavíkur 2023. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri útnefndi Egil við hátíðlega athöfn í Höfða á dögunum. Útnefningin er heiðursviðurkenning til listamanns sem með listsköpun sinni hefur skarað fram úr og markað sérstök spor í íslensku listalífi. Listamanninum var veittur ágrafinn steinn, heiðursskjal og verðlaunafé og fluttu Ellen Kristjánsdóttir, Diddú, Ólafur Egilsson og Jónas Þórir tónlist úr smíðju Egils við tilefnið, auk þess sem barnabarn Egils og alnafni lék eigin útsetningu af laginu Ekkert þras.

Egill hefur verið mikilvirkur í íslensku listalífi í nærri hálfa öld sem söngvari, leikari og tónhöfundur. Hann hefur starfað með fjölmörgum hljómsveitum, svo sem Spilverki Þjóðanna, Þursaflokknum og Stuðmönnum sem hann er trúlega einna þekkastur fyrir. Að auki hefur hann hefur sungið í fjölmörgum söngleikjum, leikið í kvikmyndum, í sjónvarpi og á sviði og samið tónlist fyrir hátt í þrjátíu leikhúsverk, þar af þrjá söngleiki; Gretti, Evu Lunu og Come Dance With Me sem sýnt var á Off Broadway. Hljómplötur og geisladiskar sem Egill hefur komið að nálgað hundraðið, þar sem hann ýmist semur, syngur eða leikur á hljóðfæri og lög sem honum tengjast skráð hjá STEFi eru rúmlega sex hundruð. Nýlega var sýnd heimildarmynd um starf Egils og félaga hans í Þursaflokknum, þar sem hann starfaði sem forspraki og aðaltónhöfundur.

Níu sólóplötur

Nýjasta plata Egils kom út á sjötugsafmæli hans fyrr á þessu ári, tu duende – el duende, þar sem gætir áhrifa karabískrar tónlistar en platan var unnin í samstarfi við kúberska og sænska tónlistarmenn en alls eru sólóplötur Egils níu talsins. Platan Fjall sem kom út árið 2018 var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna og lagið Hósen gósen af henni hlaut verðlaunin Lag/tónverk

ársins í opnum flokki. Þá hefur leikhústónlist Egils komið út á geisladiski undir heitinu Brot. Egill hefur einnig fengist við ljóðagerð um árabil og síðasta haust kom út önnur ljóðabók hans hjá bókaforlaginu Bjarti. Bókin ber heitið Sjófuglinn og var tilnefnd til ljóðaverðlaunanna Maístjörnnunnar. Ný ljóðabók úr smíðju Egils er enn fremur væntanleg með haustinu.



Egill Ólafsson.

Stuðmenn sérstaklega heiðraðir árið 2018

Egill hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar og tilnefningar á ferli sínum, bæði sem sjálfstæður listamaður og í félagi við Stuðmenn. Egill var sæmdur hinni íslensku fálkaorðu árið 2015, var gerður að heiðursfélagi í FTT og STEFi árið 2013, og hlaut bæði Gullmerki STEFs og Hlustendaverðlaun Stöðvar 2 og Bylgjunnar fyrr á þessu ári. Egill hefur margoft verið tilnefndur til Eddunnar og Íslensku tónlistarverðlaunanna, þar sem hann hefur í tvígang hlotið útnefninguna Söngvari ársins. Árið 2018 voru Stuðmenn sérstaklega heiðraðir á Íslensku tónlistarverðlaununum, árið 2011 hlutu þeir viðurkenningu á Degi íslenskrar tungu og árið 2008 var hljómsveitin heiðruð af Félagi íslenskra hljómlistarmanna fyrir framlag sitt til íslenskrar hljómlistar. Verk Egils eiga en eftir að birtast því á komandi vetri verður frumsýnd nýjasta kvikmynd Baltasars Kormáks, Snerting, sem byggð er á bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar. Þar fer Egill með aðalhlutverk.

Laugarnar í Reykjavík

Fyrir líkama

og sál

AS WE GROW

UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN

KLAPPARSTÍGUR 29

ASWEGROW.IS

Vorum að fá nýjar vörur frá STUDIO og GOZZIP

STUDIO

GOZZIP

belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Vesturbæjarskóli

Skólastjórnendur og nemendur ræða skólastarf



Frá fundi skólastjórnenda og barna í Vesturbæjarskóla.

Nýlega hittust skólastjórnendur og hópur barna úr Vesturbæjarskóla, tvö úr hverjum árgangi, til að ræða um nám og kennslu í skólanum. Vesturbæjarskóli er Réttindaskóli Unicef og því eitt af markmiðum skólastarfsins að byggja upp lýðræðislegt skólaumhverfi.

Í þessari umræðu kom fram að börnunum finnst mikilvægt að læra stærðfræði, íslensku, list- og verkgreinar og tungumál en einnig samvinnu og góð samskipti. Áhugavert var að heyra upplifun þeirra af tungumálakennslu og í þeirri umræðu komu meðal annars fram vangaveltur um stöðu íslensku tungunnar. Börnunum finnst mikilvægt að þau fái tækifæri á að hafa áhrif á sitt eigið nám og hvernig þeim finnst best að læra og hafi val um leiðir til að sýna það sem þau hafa verið að læra. Eitt barn lýsti því hvað það er gott þegar þau mega velja hvernig þau skila verkefnum og það sé gott að hafa marga valkosti „það gerir námið skemmtilegra og áhugaverðara“. Börnin ræddu mikilvægi þess að fá góðan vinnufrið í skólanum og að fá að velja meira með hverjum og hvernig þau læra.

Að lokum komu upp vangaveltur um notkun barna á snjalltækjum og finnst þeim að foreldrar verði að vera meira vakandi fyrir því hvað börnin þeirra eru að gera í þeim tækjum og hversu lengi. Eins og einn sagði „börn verða þreytt í hausnum á að horfa svona mikið á skjá“.

Okkur þykir mjög mikilvægt að raddir barna í skólanum heyrist og að hlustað sé á þau. Það var margt mjög áhugavert sem kom fram í þessari umræðu sem stjórnendur skólans ætla að skoða nánar og sjá hvað hægt er að gera betur.





Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Regnbogahlaup Tjarnarinnar



Ungir sem eldri tóku gleði sína við Ægisíðuna.

Regnbogahlaup frístundaheimila Tjarnarinnar var haldið miðvikudaginn 17. maí sem jafnframt er alþjóðlegur dagur gegn fordómum í garð hinsegin fólks. Frístundaheimili Tjarnarinnar eru öll regnbogavottuð frístundaheimili en með þeirri vottun höfum við lýst því yfir að við ætlum að hafa starfsemina okkar hinseginvæna fyrir öll sem sækja til okkar þjónustu og öll sem starfa hjá okkur. Er það liður í því að gera það sem við getum til að koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks.

Hlaupið fór fram á tveimur stöðum í ár en börnin í Vesturbæ hittust á Ægisíðunni og börnin í Miðborg og Hlíðum hittust á Klambatúninu. Með þessu móti dreifðum við bæði ósvikinni gleði barnanna og litagleðinni hressilega um borgarlandið þar sem sjá mátti marglita litabólstra stíga upp til himins meðan starfsfólkið okkar jós marglitu litadufti yfir börnin sem hlupu í hlaupinu, en við erum einnig að dreifa ákveðnum skilaboðum út í nærsamfélagið okkar með þessu hlaupi. Það voru ansi mörg sælubrosin

sem sáu st á þessum stórskemmtilega viðburði sem þó hefur mjög svo alvarlegan undirtón, en víða eru vísbendingar um að fordómar í garð hinsegin fólks séu að aukast. Við förum ekki varhluta af þeim fordómum þar sem ekki voru öll jafn ánægð með þetta framtak okkar og höfum við þurft að svara vægast sagt ósáttum þjónustuþegum sem bera því fyrir sig að þau séu bara að vernda börnin. Við hins vegar látum ekki deigan síga og höldum ótraud áfram á þessari braut, enda sanna þessar undantekningar ekkert annað en hversu nauðsynlegt það er fyrir okkur öll að gefast ekki upp og halda áfram að vinna að jafnrétti, skilningi og umburðarlyndi fyrir öll. Við munum því halda áfram að leggja okkar af mörkum við að skapa samfélag þar sem er rými fyrir allt litróf mannlegs fjölbreytileika með því að fagna fjölbreytileikanum með krökkunum og fjölskyldum þeirra og vonumst til að sjá sem flest fagna honum með okkur á sama tíma að ári þegar við höldum næst regnbogahlaup frístundaheimila Tjarnarinnar. Áfram fjölbreytileikinn og við öll.



Litagleði setti svip á hlaupið.



Tónlistaratriði í Regnbogahlaupi.



Barnabílstólar í úrvali





SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

HERO

ISO FIX

ADVANCED (SIDE) PROTECTION

3 POINT BELT

ECE NORM R 44/04

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Vitatorgsbandið fær þakklætisvott



Hluti Vitatorgsbandsins þenur hljóðfærin.

Á Vitatorgi starfar hljómsveit. Nefnist hún Vitatorgsbandið. Bandið samanstendur af fimm harmónikuleikurum, gítarleikara, bassaleikara og trommara, hefur í tuttugu ár skemmt gestum samfélagshússins á Vitatorgi. Síðasta ball Vitatorgsbandsins fyrir sumarfrí var haldið í samfélagshúsinu á Vitatorgi í gær. Að því tilefni mættu þau Þorvaldur Daníelsson og Helga Þórðardóttir, fulltrúar velferðarráðs, á ballið og veittu meðlimum bandsins þakklætisvott fyrir sitt óeigingjarna starf. Guðrún Guðjónsdóttir, talskona Vitatorgsbandsins, tók á móti blómum og sagði nokkur orð fyrir hönd bandsins. Í kjölfarið var dansað og sungið.

Vitatorgsbandi á sér sögu. Sigríður Norquist stofnaði bandið fyrir um tuttugu árum. Hún Sigríður byrjaði ein að spila á harmónikku á Vitatorgi og fór svo að safna í kringum sig fólki. Í dag eru átta hljóðfæraleikarar í bandinu, allt eldhressit

fólk komið yfir áttætt. Í Vitatorgsbandinu eru nú, auk Guðrúnar, þeir Gísli Gíslason, Hjálmar Þór Jóhannesson, Valbjörn Guðjónsson og Theodór Bogason sem allir spila á harmónikku, Sigurður Guðmundsson trommuleikari, Jón Unnar bassaleikari og Eirný Ásgeirsdóttir gítarleikari. Með þeim eru svo alla jafna söngvararnir Grétar Þorsteinsson, Anna Jóhannsdóttir og Emil Hjartarson en þau leiða söng sem ballgestir taka þátt í. Hópurinn kemur fram vikulega á Vitatorgi og æfir stundum þess á milli, en þau eru með æfingaaðstöðu í félagsmiðstöð eldri borgara í Hraunbænum. Sjálf spilar Guðrún á harmónikku en hún byrjaði að læra á hana 55 ára og hefur ekki sleppt henni síðan. Vitatorgsbandið spilar einkum gömul dægurlög sem eldra fólkinu þykja góð. Guðrún kveðst hræddust um að þessi lög hverfi, sem væri mikil synd og bætir við að ánægjulegt sé að sjá yngri kynslóðir taka þátt í skemmtunum.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?

EIGNAumsjón

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

20 ára

HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA



Blóðrásabætandi verðlaunaolía

Sellulít olía er sérlega áhrifarík lífræn nuddolía við appelsínuhúð. Örvandi blanda af blóðrásarbætandi olíum og jurtum sem vinna saman að sléttri, bólgulausri og fallegri húð. Inniheldur m.a. græna kaffibaunaolíu, gotu kola, sætti birki ofl.



Góðgerlapartý

20 billjónir góðgerla. Synerbio daglegir meltingargerlar eru í hópi bætiefna ársins 2023 frá Viridian. Inniheldur allt litróf prebiótísku oligosakkaríða og inúlín sem fjölgar góðgerlunum. Kíktu á úrvalið.



Einstakur fatnaður

Ripple jóga klæðnaður er að okkar mati einn sá best sniðni fyrir jóga, allskyns hreyfingu og lífið.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Davíð og Rósa taka við Osushi



Davíð Tho og Rósa Huong.

Davíð Tho og Rósa Huong hafa ásamt fjölskyldu sinni tekið við rekstri veitingastaðarins Osushi við Tryggvagötu. Staðurinn hefur verið rekinn í 19 ár af systkinunum Önnu og Kristjáni Þorsteinsbörnum.

Davíð og Rósa hafa unnið á Osushi síðastliðin 15 ár og þekkja reksturinn í þaula. Dætur þeirra og vinir hafa einnig starfað á Osushi í gegnum tíðina. Góðu fastakúnnarnir geta áfram reitt sig á gamla, góða sushi grunninn en jafnframt átt von á nýngum. Anna og Kristján koma til með að reka áfram Osushi að Reykjavíkurvegi 60 í Hafnarfirði.

Systrasamlagið tíu ára

Vissuð þið að þegar Systrasamlagið var opnað á Seltjarnarnesi 15. júní 2013 var það hugsað sem heilsugjörningur til eins sumars?

Síðan eru liðin 10 ár. Því var ærin ástæða til að halda fíflahátíð og bjóða upp á sjússa á Boðefnabar Systrasamlagsins sem nú er við Óðinsgötu 1. Afmælisveisla undir listrænni leiðsögn Áslaugar Snorradóttur hófst á notalegri hugleiðslu um leið og

losað var um gallið og lifrin nudduð. Allskyns litríkir og lífrænir drykkir voru í boði allan liðlangan daginn sem tóku mið af orkustöðvunum og túnfíflasúpa bragðaðist vel í hádeginu. En sú súpa minnti um margt á aspas súpu með góðu tvisti.

En sjón er sögu ríkari Hér eru svipmyndir frá 10 ára afmælisdegi Systrasamlagsins.





Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Hringsjá semur við framhaldsskólana



Myndin var tekin við undirritun samningsins. Fr. þuríður Harpa Sigurðardóttir, Magnús Ingvason, Hildur Ingvarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Helga Eysteinsdóttir og Elfa S. Hermannsdóttir.

Undirritaður hefur verið samstarfssamningur Hringsjár náms- og starfsendurhæfingar, Borgarholtsskóla, Fjölbrautaskólans við Ármúla, Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Tækniskólans

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing hefur verið starfandi frá árinu 1987 og er í eigu ÖBÍ réttindasamtaka. Hringsjá hefur verið í miklu samstarfi við áður talda framhaldsskóla en með formlegum samstarfssamningi verður nám Hringsjár metið til framhaldsskólaeininga. Þetta samkomulag hefur mikla þýðingu fyrir starfsemi og nemendur Hringsjár sem fá

með þessu móti aukin tækifæri til frekara náms.

Undir samstarfssamninginn rituðu Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla, Magnús Ingvason skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Hildur Ingvarsdóttir skólameistari Tækniskólans. Fyrir hönd Hringsjár voru þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ réttindasamtaka, Elfa S. Hermannsdóttir fyrir hönd stjórnar og Helga Eysteinsdóttir forstöðumaður.

Veiðikortið í símann!



37
vatnasvæði
8.900 kr.

Veiðikortið.is

vefverslun.veidikortid.is

Barcelona Cup meistarar 2023

- stelpurnar í fjórða flokki Gróttu/KR



Stelpurnar í 4. flokki Gróttu/KR.

Stelpurnar í 4. flokki Gróttu/KR hafi verið félögum sínum til sóma á Barcelona Cup síðustu helgi. Liðið sópaði til sín verðlaunum og styrkti andann í flokknum fyrir átökin fram undan í sumar. Vel var liðið á árið 2023 þegar tekin var ákvörðun að liðið skildi fara utan til keppni. Flokkurinn telur á fimmta tug iðkenda og sannarlega tilefni til að spreyta sig gegn erlendum liðum og þetta raðirnar. Eftir vandlega yfirlegu foreldraráðs var ákveðið að Salou sunnan við Barcelona á Spáni yrði áfangastaðurinn til æfinga og keppni.

Alls lagði 41 fótboldastelpa upp í ferðina en fleiri fylgdust með úr fjarlægð. Löngu bókuð ferð á tónleika með Harry Styles og fótbot skömmu fyrir brottför gerðu það að verkum að nokkrir gallharðir liðsmenn fylgdust stoltir með úr fjarlægð.

Ferðin hófst á þremur æfingadögum í steikjandi hita þar sem æft var við fyrsta flokks aðstæður. Þjálfararnir Júlíus og Þorsteinn stýrðu stelpunum á fjölbreyttum æfingum og þess utan nutu stelpurnar tímans í sólinni sem hélt sig fjarri Vesturbæ Reykjavíkur um sama leyti. Fjölmargar fengu sér fléttur í hárið, farið var í jóga á ströndinni og ekki ónýtt að geta skellt sér í sundlaugina á hótelinu milli þess sem farið var á trúnó og pælt í möguleikum fyrir Barcelona Cup. Einhverjir veltu fyrir sér fjarveru Júlía þjálfara í strandarjóganu sem fullyrti að hafa vaknað fyrir allar aldir og sinnt kalli jógaguðanna á meðan aðrir sváfu fasta svefni.

Mótið var spilað á tveimur dögum og varð fljótt ljóst að stelpurnar úr Vesturbænum og Seltjarnarnesinu, sem sannarlega hafa myndað þetta liðsheil, ætluðu sér stóra hluti. Aður en yfir lauk stóðu þær á verðlaunapalli sigri hrósandi eftir glæsilegan árangur. Gróttu/KR tefldi fram þremur liðum sem öll stóðu sig með sóma. Sérstaklega gaman var að sjá hve vel liðin studdu við hvert annað enda öll að spila mikilvæga leiki. Dramatíkin var allsráðandi og voru taugarnar stundum þandar, meðal annars þegar grípa þurfti til vítaspyrnukeppni.

Þrír leikmenn Gróttu/KR voru verðlaunaðir fyrir einstaklingsframmistöðu. Kara Guðmundsdóttir var valin leikmaður mótsins. Rakel Grétars skoraði flest mörk mótsins og Matthildur Eygló var valin markmaður mótsins.

Stelpurnar voru KR og Gróttu til fyrirmyndar og sömuleiðis foreldrar, fararstjórar og þjálfarar sem héldu af öryggi utan um hópinn. Stelpurnar eru komnar til landsins, búnar að styrkja vináttuböndin eftir fótboltaferð sem verður lengi í minnum höfð. Minningar um ævintýri í sundlaugagarði, fótboldasöguna hjá Barcelona og æsispennandi kappleiki í steikjandi hita við úrvalsaðstæður verða án vafa rifjaðar upp næstu vikur, mánuði og ár. Vinkonur, fótboldafélagar, allar sem ein. Glæsilegir fulltrúar Vesturbæjar og Seltjarnarness.

Jakob ráðinn þjálfari – Adama Darboe spilandi aðstoðarþjálfari



Adama og Jakob.

Jakob Örn Sigurðarson hefur verið ráðinn aðalþjálfari meistaraflokks karla í körfuknattleik hjá KR. Jakob hefur jafnframt verið ráðinn framkvæmdastjóri deildarinnar. Þá er Adama Darboe genginn til liðs við KR á ný, hann mun vera aðstoðarþjálfari Jakobs ásamt því að spila með liðinu.

Jakob eða Kobbi er KR-ingum að góðu kunnur. Hann er alinn upp í félaginu og hefur tvisvar sinnum hampað Íslandsmeistaratitlinum með meistaraflokki karla, árið 2000 og svo árið 2009. Jakob á að baki farsælan atvinnumannaferil en hann spilaði í Þýskalandi, á Spáni, í Ungverjalandi en lengst af í Svíþjóð. Jakob kom aftur heim í KR árið 2019 og lék þar tvö tímabil áður en hann lagði keppnisskóna á hilluna. Við tók við þjálfun en Jakob hefur verið aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla sl. 2 tímabil ásamt því að þjálfa yngri flokka í KR við góðan orðstír. Jakob gerir þriggja ára samning við kkd KR en Jakob mun jafnframt gegna stöðu framkvæmdastjóra kkd KR, en það er ný staða innan deildarinnar.

Mikilvægt hefur verið að fá uppalda KR-inga aftur í meistaraflokkinn, skapa góða liðsheil og kjarna sem verður skemmtilegt að horfa á spila saman.

KR ingar þekkja Adama

KR-ingar ættu einnig að þekkja Adama Darboe. Adama, sem er 37 ára danskur landsliðsmaður, lék stórt hlutverk í KR tímabilið 2021-2022 og var þar með tæp 17 stig að meðaltali í leik og gaf 6,7 stoðsendingar, Adama var framlagshæsti leikmaður KR það tímabilið með 18,9 framlagsstig að meðaltali í leik. Adama spilaði með Stjörnunni á síðasta tímabili en kemur aftur í Vesturbæinn og mun, ásamt því að spila, vera Jakobi til halds og trausts sem aðstoðarþjálfari. Adama er þaulreyndur atvinnumaður, spilaði lengi með Bakken Bears í Danmörku en hefur einnig spilað í Svíþjóð og með Grindavík tímabilið 2007-2008.

Guðbjörg Vala og Helena léku á EM U13 ára

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Helena Árnadóttir úr borðtennisdeild KR léku fyrir Íslands hönd á fyrsta Evrópumeistarabóti í borðtennis fyrir 13 ára og yngri, sem fór fram í Zagreb í Króatíu dagana 14. til 18. júní. Aðrir leikmenn Íslands voru Heiðar Leó Sölvason og Kristján Ágúst Ármann, báðir úr BH.

Keppnisfyrirkomulagið var á þann hátt að leikið var í sameiginlegu fjögurra manna liði. Fyrst er leikinn tvenndarleikur. Síðan taka við einliðaleikir þar sem stúlkur leika við stúlkur í hinu liðinu og drengir við drengi. Allir fimm leikirnir voru spilaðir í riðlunum og fékkst stig fyrir hvern unninn leik. Síðan var leikið upp úr riðlunum um einstök sæti. Ísland lék í riðli með Azerbaidjan, Póllandi og Svíþjóð. Tómas Ingi Shelton, unglingalandsliðsþjálfari var með liðinu á mótinu.



Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Helena Árnadóttir.



NÝTT

SUMAR NAMMIÐ 2023

